

Kafli 3 – Upphaf og þróun félagsfræðinnar

Spurningar úr efni bls. 47-49.

1. Hvar liggja rætur félagsfræðinnar?
2. Með hvaða hætti höfðu pólitískar byltingar áhrif á þróun félagsfræðinnar?
3. Hvaða málefni önnur en byltingar höfðu áhrif á félagsfræðina?
4. Lýsið afleiðingum iðnbyltingarinnar á mannlegt samfélag.
5. Á hvaða hátt hafði kapítalisminn áhrif á samskipti manna?
6. Hvernig höfðu náttúruvísindin áhrif á þróun félagsfræðinnar?
7. Hvernig má segja að áhrif nýlendustefnu Evrópuþjóða hafi haft áhrif á þróun félagsfræðinnar?
8. Hvernig hafði grundvallarhugmynd upplýsingastefnunnar áhrif á þróun félagsfræðinnar?
9. Í hverju var andstaðan við upplýsingastefnuna fólgin og hvernig má segja að hún hafi mótað félagsfræðina?
10. (Hópverkefni) Leiðið rök að því að félagsfræði hefði aldrei geta orðið til á 11. öld eða 12. öld í Evrópu. Leiðið jafnframt rök að því að félagsfræði hefði aldrei fyrst litið dagsins ljós um 1970 í Evrópu eða Bandaríkjunum (þótt vissulega sé það rétt að kennsla í félagsfræði á háskólastigi hafi ekki hafist á Íslandi fyrr en upp úr 1970).